

## Aukafundur

*Fimmtudaginn, 17. maí 2007 kom hreppsnefnd Langanesbyggðar saman til fundar í  
Þórsveri á Þórshöfn kl. 12:00.*

Mætt voru: Þórir Jónsson, Aðalbjörn Arnarsson, Jóhanna Helgadóttir, Axel Gunnarsson, Hulda Sigurðardóttir og Marinó Jónsson. Einnig sat fundinn Björn Ingimarsson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð og fulltrúar KPMG þeir Hlynur Sigurðsson og Magnús Jónsson auk Björns Guðmundar Björnssonar, fulltrúa sveitarstjóra.  
Þórir Jónsson varaoddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### Dagskrá.

#### **1. Mál. Veitingastofan Marísa- Ósk um breyttan opnunartíma.**

Samþykkt að heimila að framvegis verði veitingatími áfengis heimill frá kl. 08:00 til kl:03:00 alla daga en þó til kl. 04:00 aðfaraótt laugardags, sunnudags eða almenns frídays nema lög um helgidagafrið mæli fyrir um annað.  
Sveitarstjóra falið að útbúa leyfisbréf í samræmi við framangreint með gildistíma til og með 17. maí 2008.

#### **2. Mál. Ársreikningur 2006 – Fyrri umræða.**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir ársreikningnum og skýrði frekar niðurstöður A-hluta, annars vegar og B- hluta fyrirtækja og stofnana, hins vegar. Hlynur Sigurðsson gerði grein fyrir skýrslu endurskoðenda og svaraði fyrirspurnum ásamt sveitarstjóra.  
Ársreikningi vísað til síðari umræðu og sveitarstjóra falið að senda út fréttatilkynningu. Seinni umræða ákveðin fimmtudaginn 24. maí 2007 kl. 12:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:41

Björn Ingimarsson, ritari.